

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Húsavíkurkaupstað um eyðingu svartbaks.

#### 1. gr.

Innan takmarka lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar skal svartbakur vera réttdræpur hverjum sem er og skal honum útrýmt með skotum.

#### 2. gr.

Skylt er hverjum umráðamanni lands að eyða öllum svartbakseggjum og ungum á landi hans, eins og kostur er. Bæjarstjórn skal hlutast til um að eftirlit sé haft með því, að menn geri skyldu sína í þessu efni og sé um vanrækslu að ræða, sér hún um, að eyðingin sé framkvæmd á kostnað þess, er vanrækti.

#### 3. gr.

Bæjarstjórn skal hlutast til um eyðingu svartbaks í landi kaupstaðarins og ráða í því skyni skotmenn eftir þörfum.

#### 4. gr.

Fyrir hvern skotinn svartbak skal greiðast úr bæjarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar því, að hann hafi drepit fuglinn, en bæjarstjóri sér um, að vængurinn sé brenndur eða eyðilagður á annan hátt, þegar er skotmaðurinn hefur fengið greidd skotlaun sín.

#### 5. gr.

Bæjarstjóri sendir Atvinnuáráðuneytinu tvíritið skrá um áramót, um tölu þeirra fugla, er skotlaun hafa verið greidd fyrir og innheimtir hluta ríkissjóðs í skotlaunum.

#### 6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum til bæjarsjóðs skv. lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 12. maí 1964.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*